

Borgarráð***Umsögn vegna tækifærisleyfis Kvennaskólans í Reykjavík í Reiðhöllinni Víðidal, Brekknaási 5, dags. 15. september 2022.***

Borist hefur umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 1. september 2022, um tækifærisleyfi til lengri opnunartíma eða til kl. 01.30, aðfaranótt föstudagsins 16. september nk. í tilefni af skólaballi Kvennaskólans í Reykjavík í Reiðhöllinni Víðidal, Brekknaási 5.

Í 12. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs sbr. ákvæði laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er fjallað um skóladansleiki eða skemmtun fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára á veitingastað sem leyfi hefur til sölu áfengra veitinga. Þar kemur fram að slík skemmtun telst ávallt breyting á skilmálum rekstrarleyfis og fer um slíka umsókn sem um tækifærisleyfi væri að ræða og gilda um hana sömu skilyrði. Í ákvæðinu kemur jafnframt fram að skóladansleikir mega ekki standa lengur en til kl. 01.00 alla daga en borgarráð getur ákveðið að veita jákvæða umsögn um að einn skóladansleikur hvers framhaldsskóla á almanaksári fái að standa til kl. 02.00 ef veitingastaður er ekki umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð.

Reiðhöllin í Víðidal, Brekknaási 5 er skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 á skilgreindu íþróttasvæði: Á íþróttasvæðum má gera ráð fyrir öllum mannvirkjum sem tengjast starfsemi viðkomandi svæðis s.s. flóðlýsingu, gervigrasvöllum, stúkubyggingum og íþróttahöllum, sundlaugum, sundhöllum og líkamsræktarstöðvum, samkomusölum, félagsaðstöðu o.s.frv. Gera má ráð fyrir veitingaaðstöðu og íþróttavöruverslun á íþróttasvæðum. Ekki hafa verið gerðar neinar skipulagslegar athugasemdir við að veita leyfi í Reiðhöllinni í Víðidal þar sem að Reiðhöllin er í góðri fjarlægð frá íbúðabyggð.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að borgarráð veiti jákvæða umsögn um að skólaball megi standa til kl. 01.30, aðfaranótt föstudagsins 16. september nk..

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar